

Arnarlax hf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 7. júní 2021
UST202103-091/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 15.4 og 19.4.2021 hjá Arnarlax hf., Arnarfirði

Þann 15. og 19. apríl sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Arnarlax í Arnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Í eftirliti í júní 2020 var skráð frávik frá gr. 4.2 í starfsleyfi vegna mælinga á fosfór og köfnunarefni í sjó við hámarkslífmassa. Sjósýni voru tekin við Tjaldanes í október 2020. **Frávikinu er því lokað en þó er ítrekað við rekstraraðila að ganga úr skugga um að vöktunaráætlun sé fylgt framvegis.**

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar breytingar á starfsleyfi og mat á umhverfisáhrifum, en þrjú frávik komu fram er varða:

1. gr. 1.2 í starfsleyfi. Eldi skal vera staðsett innan þeirra svæða sem tilgreind eru í viðauka 1 og 2 með starfsleyfi. Eldissvæðið við Steinanes er ekki í samræmi við starfsleyfi. Staðsetningin hefur verið í ósamræmi við leyfi síðan útsetning seiða seinustu kynslóðar, vorið 2017, átti sér stað.
2. gr. 1.2 í starfsleyfi. Eldi skal vera staðsett innan þeirra svæða sem tilgreind eru í viðauka 1 og 2 með starfsleyfi. Eldissvæðið við Haganes er ekki í samræmi við starfsleyfi. Staðsetningin hefur verið í ósamræmi við leyfi síðan útsetning seiða núverandi kynslóðar, sumar 2020, átti sér stað.
3. 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfis- skilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana. Fyrirhuguð breyting 2017 var ekki tilkynnt. Frávik vegna færslu svæða voru ekki tilkynnt og ekki gripið tafarlaust til þeirra ráðstafanna sem þurfti.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. júní 2021. Einnig óskar Umhverfisstofnun eftir því að þær áætlanir og gögn sem rekstraraðili áætlaði að senda að loknu eftirliti, en hafa enn ekki borist verði sendar eftirlitsaðila fyrir framangreindan frest.

Virðingarfyllt

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur